



FYRSTI KAFLI
**Rauða hættan
fer í ferðalag**



Eftirmiðdagurinn var rólegur í Rumpu-
skógi. Sólin skein, fuglar tístu, maurar
þrömmuðu einbeittir í röð og íkorni flaug í
gegnum loftið á leifturhraða.

„Tréeebaaaaaank!“ gargaði hann áður en hann skall á trjádrumb og lyppaðist niður á jörðina.

Einhver blés í flautu.

„Allt í lagi, tökum okkur smá pásu!“ kallaði einhver uгла. Þessi uгла heitir Brandur og hann þjálfar trébanklið Rumpuskógar. Hann er með afar stórar augabrúnir vegna þess að sumar uglur eru bara þannig.

Píla, fáránlega sæt lítil kanína, hélt á bakka af safaríkum appelsínubátum handa leikmönnum.

„KOMA SVO, FÉLAGAR!“ hrópaði hún. „Fáið ykkur þessa bragðgóðu ávaxtabáta! Finnið vítamínið streyma um æðarnar! Ég vil sjá ykkur berja þessa trjádrumba af miklu meiri krafti, er það skilið?“

Nokkrir ringlaðir íkornar stauluðust til hennar. Einn þeirra var RISAVAXINN með rosalega loðið skott. Þetta var hún Nanna og hún er sko aldeilis ekki íkorni. Hún er reyndar refur.



„Takk, Píla,“ rumdi í henni um leið og hún hrifsaði til sín hnefafylli af appelsínu.

Nanna var eini refurinn í trébankliði Rumpuskógar, en henni var sama um það. Hún var ekki alveg jafn snögg og íkornarnir, en hún var sterk og skott hennar öflugt. Það auðveldaði henni að sveifla sér frá einu tré til annars og ekki leið á löngu þar til hún varð einn besti leikmaður Rumpuskógar. Vel af sér vikið hjá ósnyrtilegum ref frá Stóruborg.

„Jei, áfram Nanna!“ hrópaði Teddi, litli bróðir hennar. Hann veifaði til hennar frá hliðarlínunni. Trébank var ekki beint fyrir Tedda - hann var meira fyrir leiklist og söng og að yrkja ljóð um skýin - en honum fannst gaman að fylgjast með stóru systur sinni á æfingum. Sérstaklega ef hann gat borðað köku á meðan.

Neyðarupplýsingar **EIRÍKS DÍNAMÍT:**

Ég varð þess áskynja að þú hefðir einhverjar spurningar. Engar áhyggjur! Vinur þinn, Eiríkur D. er kominn til að aðstoða þig.



Hvað í ósköpunum er Rumpuskógur?

Rumpuskógur er skógur sem er langt, langt, laaaaaaaangt í burtu. Þar er mikið af trjám og lofti og mold og grjóti.

Hann lyktar einkennilega og þar er hellingur af rusli og gömlum innkaupakerrum. Í miðju skógarins trónir ónýtt háspennumastur og frá því heyrir einkennilegt suð.

Rumpuskógur er líka skemmtilegur og æðislegur staður og þar gerist sagan, það er því eins gott að þú venjist þessu bara.

Hvað er eiginlega trébank?

Trébank er skógaríprótt sem er aðallega iðkuð af íkornum. Þeir stökkva af rosalega háum trjám og garga „**TRÉÉÉÉBANK!**“ Svo skoppa þeir milli trjáa og reyna að lenda ekki á jörðinni. Þeir þurfa að halda sér á lofti eins lengi og hægt er. Þetta heldur svona áfram alveg heillengi þar til annað liðið er allt á jörðinni eða þá að allir leikmennirnir byrja að gráta.

Hvað í ósköpunum er eiginlega ugla?

Þessi spurning er svolítið snúin. UGLA er stór fugl með GOGG og tvo risastóra og flotta VÆNGI. Ugla gefur frá sér svona „hú-hú-hú“ hljóð og getur snúið höfðinu ógurlega mikið, sem er mjög tilkomumikið að sjá og líka þínu undarlegt. Uglur hafa verið framleiddar í lítilli fjölskylduverksmiðju í Portúgal í áraraðir.

„Jeminn eini, bara að horfa á trébank er þreytandi, er það ekki?“ dæsti elgurinn Títus um leið og hann skóflaði kleinuhring með glassúr í SNOPPUNA. „Hvaðan fá þau alla þessa orku?“

„Hef ekki græna glóru,“ sagði Dillirófa, en stóru greifingjaloppurnar héldu á krús af bleiku límonaði. „Viltu meira gos, gamli vinur?“

Títus, borgarstjóri Rumpuskógar, er með stór, blíðleg augu, hnjúskuð horn og stórt hjarta fyllt ást og góðmennsku. Hann hefur gaman af því að baka og horfa á rómantískar gamanmyndir. Greifinginn Dillirófa keyrir oft um Rumpuskóg á ryðguðum og gömlum jeppa, en í dag var hann að slappa af með Títusi og Tedda á sjúskuðu piknikkteppi.




„Sáuð þið mig deila út appelsínunum?“ spurði Píla lafmóð þegar hún hoppaði aftur til þeirra

„Hvort ég sá!“ sagði Teddi og gaf henni fimmu.

„Brandur segir að ef ég haldi áfram að standa mig vel skuli hann gefa mér enn stærra barmmerki,“ sagði Píla. „Hann segir að ég sé besti aðstoðarþjálfari sem hann hefur nokkurn tímann haft.“

Píla benti á barmmerki sem hún hafði fest á feldinn sinn. Á því stóð „ASSTOÐA-ÞJÁLLARI“.





„Þú stendur þig afbragðs vel, unga Píla,“ sagði Títus blíðlega. „ROOOP! Ó, afsakið mig. Þetta bleika gos verður bara að lofti hjá mér. ROOOOP! Þá fer ég aftur af stað.“

Þetta óvænta ropkast Títusar fékk Tedda og Pílu til að skella upp úr.


Brandur blés út bringuna og hrópaði „Trébankarar sameinist!“

Liðið raðaði sér upp.

„Í þetta sinn ætlum við að leggja okkur öll fram,“ sagði Brandur. „Tilbúin? Einn ... tveir ... þrír ...“

TTRÉEEEEEEEEEEEEEE BAAAAAAAAANK!

Það dimmdi yfir þegar íkornarnir flugu um loftið, skoppandi og hoppandi um allan trébankavöllinn – sem var raunar bara skógarrjóður umkringgt furutrjám.



BÚMM! Tveir íkornar skullu saman í loftinu. Öðrum þeirra tókst að skoppa af trjágrein, en hinn hrpaði niður á jörðina.

DOI-OJOJOJO! Nanna notaði öfluga skottið sitt til þess kasta sér í gegnum ógurlegan þykkann runna en loppurnar hennar snertu aldrei jörðina. Hún hló á meðan hún flaug. Þetta minnti hana á þegar hún var á hlaupum með refavinum sínum í Stóruborg, hoppandi yfir strætóskýli og þök með snakkpoka í kjaftinum.

PINGGG! Einn ofurspenntur íkorni, kallaður Rauða hættan, missti stjórn á fluginu og trébankaði beint út af vellinum.

„Æ,“ sagði Dillirófa. Þau litu upp og fylgdust með Rauðu hættunni fljúga þvert yfir himininn eins og loðin eldflaug.

Hvar ætli hún lendi? velti Títus fyrir sér.

Allt varð hljótt.



Síðan heyrðist ofur lágt ... alveg ofur, ofur lágt og reiðilegt kvak.

„Ó, hjúkkett,“ sagði Píla. „Hún lenti bara í Litlu tjörn.“

Litla tjörn var mörgum dýrum heimili, en aðallega Ingiríði – þeirri mjög svo mikilvægu og valdamiklu önd.


Brandur sneri höfðinu að nestisgenginu. „Enginn séns á að einhver ykkar kæri sig um að sækja hana Rauðu, er það nokkuð? spurði hann. „Hún rotast alltaf þegar þetta gerist.“

„Ég skal fara!“ sagði Teddi um leið og hann kastaði bakpokanum yfir öxlina.

„Það var lagið, hvutti,“ sagði Brandur. Hann sneri sér að Títusi og Dillirófu til að skamma þá fyrir letina, en þá voru þeir báðir sofnaðir í sólstólunum sínum.

Nanna tók eftir því að Teddi rölti í áttina að Litlu tjörn. Hún hefði aldrei leyft honum að

valsa svona einn um þegar þau komu fyrst til Rumpuskógar. Nú var Rumpuskógur heimilið þeirra og Nanna vissi að ekkert kæmi fyrir litla bróður hennar í þessum djúpa, dimma skógi.



Það er víst þannig að ef þú
flettir blaðsíðunni þá
heldur sagan bara . . . áfram!
Ótrúleg uppfinning þessar
„bækur“, finnst þér ekki?

